

4. fundur stjórnar landssambands DKG

Haldinn miðvikudaginn 19. febrúar 2020, kl. 19.30-20.30 á Skype.

Mættar: Ingibjörg Elsa, Jónína, Guðrún Edda, Jenna, Jóna, Eygló og Aníta (Theodóra, fjarverandi v. veikinda).

Dagskrá:

1) Fundargerð síðasta fundar

Aníta les fundargerð síðasta fundar.

2) Uppgjör á ráðstefnu – tillaga að greiðslum vegna ferðakostnaðar

Ingibjörg Elsa sendir tillöguna til stjórnar í tölvupósti. Farið yfir tillögurnar, þær ræddar og samþykktar.

3) Endurskoðun laga og reglugerðar DKG á Íslandi

Ingibjörg Elsa segir frá vinnu við endurskoðun laga.

4) Endurskoðun handbókar

Ingibjörg hefur verið í sambandi við Eydísi formann félaga- og útbreiðslunefnd. Jóna mun starfa með nefndinni að endurskoðun handbókar, ásamt Eygló og einni konu úr nefndinni sem enn hefur ekki verið skipuð.

5) Nefndarstarfið

Ingibjörg hefur borist erindi frá menntamálanefnd með fyrirspurnum varðandi vorþingið. Dagskrá vorþingsins er áætluð frá 10-16. Delta deild mun sjá um uppbrot á þinginu. Umræður um hugsanlega dagskrárliði. Ingibjörg ætlar að heyra í Ingileif og stinga hugmyndum að henni. Rætt var um að brýnt sé að dagskrá fari brátt að verða tilbúin. Jónína hefur sent námsstyrkjanefnd tölvupóst og ýtt þeim úr vör. Ingibjörg Elsa hefur verið í sambandi við Eydísi vegna félagatals. Útgáfunefnd hefur gefið út haustfréttabréf.

6) Næsti stjórnarfundur

Næsti fundur ákveðinn 26. mars kl. 19:30.

Fundi slitið 20:30
Fundargerð ritaði Aníta Jónsdóttir.